

L Ö G

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting
á gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 74 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „10 krónur“ í a-lið 4. gr. komi: 25 krónur, og í stað orðanna „10 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 25 krónum.

2. gr.

Á eftir seinni málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.